



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022**1. Kjarasamningur Félags grunnskólakennara**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 605.971 þ.kr. vegna nýs kjarasamnings við Félag grunnskólakennara. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá	-605.971
SFS	xxx	Kjarasamningur FG	Til	605.971
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Samningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og FG hefur verið undirritaður, og gildir frá 1. janúar 2022 til 31. mars 2023. Laun hækka 1. janúar 2022 um 25 þ.kr. og annaruppbætur taka almennum hækkunum og verða 96 þ.kr. 1. júní 2022 og 1. desember 2022. Hlutfallsleg kostnaðaraukning samningsins er 4,1% eða samtals 605.971 þ.kr. vegna ársins 2022.

2. Jöfnunarsjóður – hækkun á greiðslum til tónlistarskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 36.604 þ.kr. vegna hækkunar á framlagi Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna. Breytingin verður fjármögnuð með hækkun jöfnunarsjóðstekna, á kostn.st. 00103.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00103	Jöfnunarsjóðstekjur	Frá	-36.604
SFS	M3110	Tónlistarnám framlag jöfnunarsjóðs - hækkun	Til	36.604
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Mánaðarlegum greiðslum frá Jöfnunarsjóði er miðlað til tónlistarskóla í samræmi við samninga. Greiðslur á þessu ári hækka um 3.050 þ.kr. á mánuði og er gerð tillaga um að SFS fái heimild til að hækka miðlun greiðslna um þá fjárhæð til samræmis við undirliggjandi samning.



3. Tímabundið úrræði fyrir flóttafólk frá Úkraínu

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 25.000 þ.kr. vegna þátttöku í tímabundnu úrræði fyrir flóttafólk frá Úkraínu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-25.000
SFS	xxx	Úrræði fyrir flóttafólk frá Úkraínu	Til	25.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 7. apríl 2022 liður 30, mál MSS22040011, **úrræði fyrir flóttafólk frá Úkraínu**. Reiknað er með að um 20.000 þ.kr. verði nýtt vegna þátttöku barna í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi og að um 5.000 þ.kr. verði nýtt til húsnæðiskostnaðar.

4. Betri borg fyrir börn – flutningur fjárheimilda milli sviða

Lagt er til að fjárheimildir að fjárhæð 152.516 þ.kr. verði fluttar frá velferðarsviði til skóla- og frístundasviðs vegna þróunarverkefnisins betri borg fyrir börn.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxx	Betri borg fyrir börn	Frá	-152.516
SFS	xxx	Fagskrifstofur grunnskólasvið	Til	74.001
SFS	xxx	Fagskrifstofur leikskólasvið	Til	78.515
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Betri borg fyrir börn miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustumiðstöð hverfisins. Í tengslum við þessa breytingar færast störf og stöður sem hafa verið með skólaþjónustu frá velferðarsviði yfir til skóla- og frístundasviðs. Frá velferðarsviði færast 152.516 þ.kr. til SFS.

5. Betri borg fyrir börn – flutningur fjárheimilda innan SFS

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á skóla- og frístundasviði vegna verkefnisins betri borg fyrir börn.



Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	M2227	Farteymi austur	Frá	-91.756
SFS	M2228	Farteymi vestur	Frá	-88.641
SFS	M2220	Tal- og hegðunarráðgjafar VEL	Frá	-149.000
SFS	I7xx	Frístundastarf	Frá	-4.000
SFS	D011	Sérkennsla leikskóla v. talmeinafræðinga	Frá	-60.000
SFS	I3040/ I7100	Ársel frístundamiðstöð	Frá	-64.511
SFS	xxx	Miðlægar skrifstofur SFS	Frá	-39.094
SFS	xxx	Fagskrifstofur grunnskólasvið	Til	311.988
SFS	xxx	Fagskrifstofur leikskólasvið	Til	185.014
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Innleiðingu á verkefninu Betri borg fyrir börn felur í sér að gera þarf breytingar fjárhagsáætlun SFS á árinu 2022 þar sem stofnaðir eru nýir kostnaðarstaðir og aðrir taka breytingum þar sem verið er að færa þjónustuna í auknum mæli í skólahverfin. Við þessa breytingu færast starfsemi farteyma inn í þjónustumiðstöðvar hverfanna. Talmeina- og hegðunarráðgjafar sem hafa verið starfsmenn velferðarsviðs færast yfir til skóla- og frístundasviðs og verður hluti af þjónustumiðstöðvum hverfanna, skóla- og frístundasvið hefur verið að greiða velferðarsviði fyrir þessa þjónustu og færast fjárheimildir yfir á hverfamiðstöðvar. Talmeinafræðingar sem hafa verið fjármagnaðir af sérkennslu leikskóla verða inni á þjónustumiðstöðvum hverfa. Frístundamiðstöðin Ársel, þ.e. skrifstofan, er sameinuð Frístundamiðstöðinni í Gufunesbæ. Störf sem hafa verið á miðlægum skrifstofum færast út í hverfin. Við þessar breytingar eru stofnaðir nýir kostnaðarstaðir svipað og gert var fyrir Breiðholt, þ.e. fagskrifstofur í hverfum fyrir leikskóla og grunnskóla svo þjónustan færast í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna.

6. Evrópsku kvikmyndaverðlaunin (EFA)

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 136.041 þ.kr. vegna evrópsku kvikmyndaverðlaunanna (EFA). Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-136.041
MOF	07400	Kvikmyndaverðlaun EFA	Til	136.041
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki hefur verið gerð jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Þríhliða samningur var gerður milli Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna (EFA), Reykjavíkurborgar og mennta- og menningarmálaráðuneytis um að halda verðlaunahátíðina í Hörpu í desember 2020. Af þessu varð ekki vegna Covid-19. Viljayfirlýsing var undirrituð



haustið 2020 um að hátíðin yrði haldin í Hörpu árið 2022. Þetta er stórt og viðamiklað verkefni og skuldbinding borgarinnar er um 136.041 m.kr. miðað við fjárhagsplan sem unnið var og lagt til grundvallar árið 2019. Gert er ráð fyrir sömu upphæð frá ríkinu.

7. Jafnlaunastofa

Lagt er til að fjárheimildir mannauðs- og starfsumhverfissviðs hækki um 5.602 þ.kr. vegna samninga við Jafnlaunastofu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-5.602
MOS	01455	Jafnlaunastofa	Til	5.602
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Verkefnastofa starfsmats var stofnuð árið 2014 og hefur hún verið rekin af Reykjavíkurborg innan mannauðsdeildar fyrst og síðar mannauðs- og starfsumhverfissviðs með þjónustusamning við Sambandið síðan þá. Jafnlaunastofa tók við verkefnum verkefnastofu starfsmats í lok árs 2021 og greiðslur til Jafnlaunastofu fara í gegnum mannauðs- og starfsumhverfissvið.

Fjárheimildir mannauðs- og starfsumhverfissviðs sem stofnað var í skipulagsbreytingum árið 2020 tóku mið af tekjum Verkefnastofu fyrri ára en á þeim tíma sem nýtt svið varð til höfðu tekjur verið óvenju háar, m.a. vegna nýrra innleiðingarverkefna sem Sambandið tók þátt í að greiða. Gera þarf breytingar miðað við fyrirbyggjandi forsendur á rekstri og tekjum Jafnlaunastofu.

8. Sumarstörf f. 17 ára

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum á ÖNN vegna sumarstarfa fyrir 17 ára.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-127.000
ÖNN	07150	Atvinnumál	Til	127.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun/jafnréttismat hefur farið fram.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 7.apríl 2022 liður 40, mál MSS22020214, **sumarstörf fyrir 17 ára og framtíðarfyrirkomulag þeirra.**



9. Borgin okkar 2022

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs hækki um 45.000 þ.kr. vegna verkefnisins Borgin okkar 2022 og eftirfarandi breytingar verði gerðar á fjárheimildum á ÖNN vegna Hverfasjóðs. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -75.000
ÖNN	09309	Hverfasjóður	Til 30.000
USK	U3212	Borgin okkar 2022	Til 45.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 7. apríl 2022 liður 3, mál MSS22040042, **borgin okkar 2022**.

10. Hagvaxtarauki

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægra skrifstofa hækki um 1.236.318 þ.kr. vegna hagvaxtarauka. Á sama tíma er lagt til að tekjuáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022 verði endurskoðuð til hækkunar um 1.556.834 þ.kr. vegna endurskoðunar á áætluðum útsvarstekjum. Tekjuauki verði nýttur til greiðslu hagvaxtarauka og það sem er umfram, 320.516 þ.kr. verði fært á kostnaðarstað 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
SKATT	xxx	Skatttekjur	Frá -1.556.834
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Til 320.516
BLÖ	xxx	Hagvaxtarauki	Til 1.913
END	xxx	Hagvaxtarauki	Til 2.445
FAS	xxx	Hagvaxtarauki	Til 19.766
ÍTR	xxx	Hagvaxtarauki	Til 46.783
MAR	xxx	Hagvaxtarauki	Til 1.868
MOF	xxx	Hagvaxtarauki	Til 24.425
MOS	xxx	Hagvaxtarauki	Til 3.793
SBB	xxx	Hagvaxtarauki	Til 7.251
SBS	xxx	Hagvaxtarauki	Til 937
SFS	xxx	Hagvaxtarauki	Til 654.159
ÞON	xxx	Hagvaxtarauki	Til 32.430
USK	xxx	Hagvaxtarauki	Til 68.326
VEL	xxx	Hagvaxtarauki	Til 372.223
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.



Greinargerð:

Á árinu 2021 mældist hagvöxtur á mann 2,53% sem leiddi til þess að virkjað hefur verið ákvæði um hagvaxtarauka í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Hagvaxtaraukinn felur í sér 10.500 kr. hækkun á launatöflur frá 1. apríl 2022. Samkvæmt samningsforsendum í kjarasamningum Reykjavíkurborgar er kveðið á um upptöku viðræðna um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila. Með hliðsjón af niðurstöðu hækkunar launataxta skv. Lífskjarasamningi á almennum vinnumarkaði er lagt til að launatöflur kjarasamninga Reykjavíkurborgar hækki um 10.500 kr. frá 1. apríl 2022. Hagvaxtaraukinn kæmi til greiðslu 1. maí 2022 og nemur kostnaðarmat vegna þessa 1.236.318 þ.kr. árið 2022.

Samhliða þessu hefur útsvarstekjuspá borgarinnar fyrir árið 2022 verið endurskoðuð þar sem m.a. hefur verið tekið til áhrifa hagvaxtaraukans á útsvar borgarinnar. Í nýjustu þjóðhagsspá Hagstofu frá 29.mars sl. er tekið tillit til hagvaxtaraukans og gerir spáin ráð fyrir að launavísitala hækki um 7,0% en forsendur fjárhagsáætlunar ársins 2022 gerðu ráð fyrir 4,9%. Áhrifin af hærri launavísitölu eru þau að nettó útsvarstekjur borgarinnar hækka um 1.556.834 þ.kr.

Sundurliðun á útsvarstekjum	Gild. áætlun 2022	Esk. áætlun 2022	Breyting
Staðgreiðsla útsvars án eftirá álagningar (14,52%)	100.353.609	102.125.179	1.771.570
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu v. grunnskóla (0,77%)	-5.321.782	-5.415.729	-93.947
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu v. málefna fatlaðs fólks (0,99%)	-6.842.292	-6.963.080	-120.789
Eftir álagning útsvars vegna fyrri ára	3.500.000	3.500.000	0
Nettó útsvarstekjur	91.689.535	93.246.369	1.556.834

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2020 / 2021
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	20. apríl 2022
Svið:	Skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Haukur Þór Haraldsson
Verkefni/tillaga:	Tímabundið úrræði fyrir flóttafólk frá Úkraínu (MSS22040011)
Þjónustubáttur:	Fjölskyldumiðstöð og þátttaka í leik- og grunnskólastarfi
Stofnun/kostn.st.:	D080
Fjárhæð:	Kr. 25.000.000,-
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Tillagan fjallar um á móttöku barna sem koma sem flóttamenn frá Úkraínu inn í leikskólastarf, grunnskóla og frístundastarf. Hluti af tillögunni er sérstök fjölskyldumiðstöð sem annast samhæfingu á móttökunni og verður hún m.a. mönnum starfsmönnum SFS sem tala tungumál barnanna.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Þar sem um flóttamenn er að ræða liggja ekki fyrir upplýsingar um samsetningu hópsins. Gert er ráð fyrir að hópurinn verði líklega til helminga stúlkur og drengir, og gert er ráð fyrir sömu þjónustu við öll börnin.

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.

Hópurinn eru flóttamenn og kyngreindar upplýsingar liggja ekki fyrir. Þó er gert sé ráð fyrir jafnri skiptingu.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan á ekki að hafa áhrif á stöðu kynja og í raun liggja ekki fyrir upplýsingar hvort einhver börn tilheyri jaðarsettum hópum.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Ekki er talin þörf á jafnréttismati.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2020 / 2021
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjors

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáí tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	25. apríl 2022
Svið:	Mannauðs og starfsumhverfissvið
Unnið af:	Lóa Birna Birgisdóttir
Verkefni/tillaga:	Hækkun fjárheimilda MOS vegna framlags til Jafnlaunastofu sf.
Þjónustubáttur:	Starfsmat/Jafnlaunamál
Stofnun/kostn.st.:	01455
Fjárhæð:	5.602 þús. kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Tillagan lýtur að hækkun fjárheimilda Mannauðs og starfsumhverfissviðs um 5.602 þús. kr. vegna framlags til Jafnlaunastofu sf. Markmið með tillögunni er að tryggja að fjárheimildir sviðsins standi undir skuldbindingum vegna reksturs sameignarfélagsins Jafnlaunastofu sf. vegna verkefna verkefnastof starfsmats sem Jafnlaunastofa tók við í byrjun árs. Í ljós kom að fjárheimildir mannauðs- og starfsumhverfissvið voru vanáætlaðar vegna verkefnastofu starfsmats og því nauðsynlegt að leiðrétta þær til að tryggja að verkefni verkefnastofu raskist ekki.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Tillagan er sett fram í þeim tilgangi að Reykjavíkurborg standi við skuldbindingar gagnvart viðsejndum um rekstur starfsmatskerfisinsins Samstarfs sem ætlað er að tryggja málefnalega launasetningu og stuðla að launajafnrétti.

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.

Þar sem fjármununum er varið til að tryggja rekstur Jafnlaunastofu og einkum verkefnastofu starfsmats snertir tillagan allt starfsfólk Reykjavíkurborgar sem heyrir undir kjarasamninga þar sem samið hefur verið um starfsmat og miðar að því að styrkja stöðu kvenna og jaðarsettra hópa með málefnalegri launasetningu.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Rökstyðjið. Tillagan stuðlar að því að rekstur starfsmatskerfisins haldist óbreyttur og þar með að laun séu ákvörðuð með málefnalegum, samræmdum og hlutlægum hætti.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um

Nei, jafnréttisskimun nær vel utan um mikilvægi tillögunnar í þágu jafnréttis.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

Jafnréttisskimun sumarstörf fyrir 17 ára

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	22. apríl 2022
Svið:	Mannauðs- og starfsumhverfissvið
Unnið af:	Auður Björgvinsdóttir
Verkefni/tillaga:	Viðbótarsumarstörf fyrir 17 ára einstaklinga
Þjónustubáttur:	Ráðningar
Stofnun/kostn.st.:	07150
Fjárhæð:	127 m.kr.
Annað:	Framtíðarfyrirkomulag sumarstarfa fyrir 17 ára.

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Tillaga mannaúðs- og starfsumhverfissviðs er að búa til 200 sumarstörf (viðbótar) fyrir 17 ára einstaklinga (fædd 2005). Í ár auglýsir Reykjavíkurborg 1040 sumarstörf og aðeins lítill hluti þeirra sumarstarfa sem auglýst voru í ár eru sérstaklega ætluð 17 ára einstaklingum eða einungis um 40 stöðugildi sem er sambærilegt og hefur verið undanfarin ár.

Hjá Reykjavíkurborg býðst 17 ára einstaklingum að sækja um sumarstörf sem auglýst eru ár hvert í febrúar og eru þá að keppa um störfin við mun eldri og reyndlumeiri einstaklinga. Stór hluti 17 ára einstaklinga fá því ekki starf hjá Reykjavíkurborg þar sem ástandið á vinnumarkaði hefur verið þungt undanfarin ár. Þess vegna hefur Reykjavíkurborg verið að fjölga sumarstörfum fyrir 17 ára með aukafjárveitingu.

Vinnuskóli Reykjavíkurborgar býður 15 og 16 ára einstaklingum störf og við 17 ára aldur ber þeim að sækja um almenn sumarstörf sem mörg hver gera aukna kröfur m.a. aldur eða aðra hæfni sem þessi ungi hópur hefur ekki öðlast.

Einnig er í þessari tillögu lagt til að kanna framtíðarfyrirkomulag á sumarstörfum fyrir 17 ára einstaklinga þannig að ekki þurfi að grípa til aukafjárveitingar á ári hverju til að koma til móts við þennan hóp.

Markmið þessarar tillögu mannaúðs- og starfsumhverfissviðs er að fjölga sumarstörfum um 200 fyrir 17 ára einstaklinga, búsetta í Reykjavík og þannig geta tryggt ungu fólki störf við hæfi.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Viðbótarsumarstörf fyrir 17 ára einstaklinga mun fjölga störfum fyrir þennan árgang sem búsettur er í Reykjavík af öllum kynjum. Störfin er ólík og fjölbreytt og má finna á flestum sviðum borgarinnar s.s. leikskólum Reykjavíkurborgar, umhirðu borgarlandsins, á söfnum borgarinnar, öldrunarstarfi auk fjölmargra starfa hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum sem geta með þessum störfum aukið framboð af fjölbreyttum námskeiðum sem hægt er að bjóða börnum í borginni. Vegna fjölbreytileika starfa munu störfin höfða til fjölbreytts hóps ungs fólks sem hefur ólíkan bakgrunn og áhuga.

Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snýr fyrst og fremst að ungu fólki fæddu 2005, búsettu í Reykjavík og möguleika þeirra að fá sumarstarf við hæfi. Skv. skýrslu tölfræði og greiningar er mikilvægt að ungu fólki standi til boða sumarstarf eftir erfitt tímabil vegna heimsfaraldurs og einnig er áhersla á mikilvægi þess að halda ungu fólki í virkni.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og þeirra hópa sem mannréttindastefnan tekur til? Rökstyðjið.
Já störfín munu auka möguleika ungs fólks af öllum kynjum að fá sumarstarf hjá borginni. Þessir einstaklingar eru fæddir árið 2005 og búsettir í Reykjavík.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Niðurstöður Jafnréttismats

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Nafn ábyrgðaraðila: Hreinn Ólafsson, Anna Guðmunda Andrésdóttir, Steinunn Rögnvaldsdóttir, Gunnar

Hersveinn Sigursteinsson og Björg Jónsdóttir

Númer tillögu: R20040179

Dagsetning skila til FMS: 19.04.2021

Upphæð: 55 mkr ISK

I. Hver er tillagan?

Borgin okkar 2021 er framhald á verkefninu Sumarborgin 2020 sem hafði það hlutverk að efla miðborgina sem sjálfstæðan áfangastað sumarið 2020. Borgin okkar 2021 gegnir sama hlutverki og Sumarborgin 2020 en nái einnig að efla mannlíf og menningu í miðborginni í kringum páska, haust og jól, auk utanumhalds annarra verkefna sem tengjast miðborginni. Framlög verði 55. mkr. og komi af liðnum ófyrirséð. Jafnframt verður aftur gert ráð fyrir 30. mkr. umsóknarpotti vegna viðburða í hverfum, en þannig verða hverfin áfram styrkt og gert er ráð fyrir því að íbúaráð viðkomandi hverfa taki afstöðu til umsókna og að Borgin okkar 2021 verði ráðgefandi gagnvart íbúaráðum í þeim efnunum.

II. Hvert er markmiðið með tillögunni?

Mikilvægt þótti að framlengja verkefnið Sumarborgin 2020 til þess að efla miðborgina allan ársins hring og er markmiðið að hver árstíð fái sitt sérstaka yfirbragð með ýmsum upplifunum. Markmið tillögunnar er að efla miðborgina sem sjálfstæðan áfangastað og þannig er stuðlað að eflingu atvinnulífs á svæðinu, með aukinni verslun og viðskiptum við rekstraraðila á svæðinu en ekki síður auknu mannlífi og menningu fyrir alla. Við ákvörðun á verkefninu var markmiðið að styðja við Reykjavík sem áfangastað með áherslu á miðborgina, atvinnulífið í heild og borgarumhverfið. Gætt var að jafnrétti við undirbúning og að stutt sé við áfangastaðinn og þá þar af leiðandi allan atvinnurekstur og fjölbreytta viðburði frá byrjun og verður það gert út verkefnið. Sérstaklega var hugað að því að styðja við fjölbreytileika mannlífsins og draga fram og kynna meðal annars erlenda atvinnurekendur í miðborginni. Við val á viðburðum sem voru styrktir var sérstaklega horft til að draga fram fjölbreytileika miðborgarinnar varðandi afþreyingu, verslun og þjónustu þar sem við öll eigum rödd óháð kyni og uppruna. Sérstaklega var stutt við fjölbreytta viðburði og gætt að því að styðja við viðburðahaldara af erlendum uppruna, einnig voru kynjahlutföll skoðuð en ekki kom til þess að þurfa að velja og hafna viðburði vegna kyns eða uppruna. Til viðbótar má nefna að viðburðir skuli vera gjaldfrjálssir og þar með aðgengilegir öllum óháð efnahag. Ávallt er gætt að aðgengismálum og horft var til þess sérstaklega við val á viðburðum þegar verið var að hanna umhverfið af teymi borgarhönnunar.

Við aðstoð og undirbúning verkefna er sérstaklega gætt að aðgengismálum og viðburðir þurfa að afla tilskilinna leyfa frá lögbundnum aðilum sbr. afnotaleyfi, starfsleyfi og tækifærisleyfi. Leyfin fara eftir umfangi viðburðar.

III. Hver eru kynjaáhrifin og áhrifin á jaðarsetta hópa?

Ekki verður séð að tillagan hafi mismunandi áhrif á kynin eða jaðarsetta hópa m.v. aðra hópa.

Tillagan snertir alla íbúa Reykjavíkurborgar ásamt gestum hennar. Einnig snertir hún rekstraraðila í miðborginni en tillagan er til þess fallin að efla atvinnulíf á svæðinu með aukinni verslun og viðskiptum við rekstraraðila í miðborginni. Einnig er hún atvinnuskapandi við fyrir mikinn fjölda listamanna sem hefur orðið fyrir miklum tekjumissi í Covid. Skv. tillögunni er hugað að því að gott aðgengi sé að

svæðum og viðburðum og aukið aðgengileika að afþreyingu, menningu og útivist í borginni. Ekkert bendir til að tillagan hafi sérstök mismunandi áhrif á fólk eftir kyni og skv. verkefnastjórum er fjölbreytni höfð að leiðarljósi í verkefninu.

IV. Hvert er jafnréttismarkmið tillögunnar?

- | | | |
|---|--|---|
| <input checked="" type="checkbox"/> Efnahagslegt jafnræði | <input type="checkbox"/> Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa | <input type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu |
| <input checked="" type="checkbox"/> Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu | <input type="checkbox"/> Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfræði | <input type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til náms |
| <input type="checkbox"/> Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa | <input type="checkbox"/> Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum | <input type="checkbox"/> Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa |
| <input checked="" type="checkbox"/> Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæð | <input type="checkbox"/> Sporna gegn hefðbundnum kynímyndum, staðalmyndum og stimplun | |

V. Hvaða áhrif hefur það á kynjajafnrétti og jafnrétti jaðarsettra hópa ef tillagan er samþykkt?

- Eykur á misrétti kynjanna
- Eykur á misrétti í garð jaðarsettra hópa
- Viðheldur óbreyttu ástandi kynjanna
- Viðheldur óbreyttu ástandi jaðarsettra hópa
- Stuðlar að jafnrétti kynja
- Stuðlar að jafnrétti í garð jaðarsettra hópa

Rökstuðningur: Niðurstaðan felur í sér að ekki verður breyting á ástandi kynjanna né jaðarsettra hópa sé tillagan samþykkt



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2020 / 2021
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	25.04.2022
Svið:	RHUS
Unnið af:	Sigríður Finnbogadóttir
Verkefni/tillaga:	Sumarborgin 2022 - hverfin
Þjónustubáttur:	Styrkir - ÖNN
Stofnun/kostn.st.:	09309
Fjárhæð:	30.000 þús kr.
Annað:	MSS22040042 – samþykkt í borgarráði 7.apríl 2022

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Sem hluta af verkefninu Sumarborgin 2022 er gert ráð fyrir 30 mkr umsóknarpotti vegna viðburða í hverfum í sumar. Þannig verði hverfin áfram styrkt, líkt og á síðasta ári, til þess að halda viðburði og styrkja einstaklinga og hópa sem hafa það markmið að efla hverfisanda, félagsauð, mannlíf og menningu í hverfum Reykjavíkur. Dæmi um afar vel heppnuð verkefni sem fengu styrki úr hverfapottunum eru til að mynda í 17. júní hátíðahöldin í Grafarvogi og Breiðholti.

Íbúaráð viðkomandi hverfa taki afstöðu til umsókna líkt og áður en lagt er til að Borgin okkar verði ráðgefandi gagnvart íbúaráðunum í þessum efnunum og veiti jafnframt stuðning við framkvæmd einstakra viðburða og verkefna.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Í úthlutunarskilmálum styrkjanna er tekið fram að mikilvægt sé að verkefnið höfði til allra aldurshópa og skírskoti til breiðs hóps fólks sem vill sækja sér afþreyingu og upplifun í eigin hverfi.

Umsóknareyðublaðið er á íslensku, ensku og pólsku. Umsækjendur skulu tilgreina jafnréttismarkmið og hvernig verkefnið samræmist mannréttindastefnu borgarinnar.

Íbúaráð taka ákvörðun um úthlutanir styrkjanna en allar umsóknir verða metnar af sérfræðingum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Umsóknir verða m.a. metnar með hliðsjón af væntanlegum árangri og ávinningi á að efla hverfisvitund og félagsauð.

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.

Einstaklingar, félagasamtök eða aðrir hópar sem vinna saman að einstöku verkefni geta sótt um styrk í sjóðinn. Markmiðið er að ná til fjölbreytt hóps fólks, af ólíkum aldri, uppruna, kyni osfrv.

Sambærilegir styrkir voru veittir sumarið 2020 og 2021 og eru til kyngreindar upplýsingar um þær úthlutanir.

2020:

Almennt sóttu álíka margir karlar og konur um styrkina sumarið 2020, og almennt fengu jafn margir karlar og konur úthlutað styrkjum. Á heildina litið var árangurshlutfall kvenleiddra verkefna 62% og karlleiddra verkefna 64%. Meirihluti umsókna í fyrra var á íslensku, en 14% umsókna voru á öðru tungumáli og 7% samþykkra umsókna voru á öðru tungumáli. Þá var árangurshlutfall íslenskra umsókna hærra en umsókna á öðru tungumáli.

2021:

Aðeins liggur fyrir tölfræði yfir úthlutanir, ekki umsóknir, svo ekki var unnt að reikna út árangurshlutfall.

Alls var úthlutað 113 styrkjum. Meðalupphæð úthlutunar var 236.000 kr. Stærsti hluti úthlutaðra styrkja var til félagasamtaka eða hópa (63%). Karlar voru 20% þeirra sem fengu úthlutaða styrki og konur 17%.

Meðalupphæð veittra styrkja var 267.000 kr. hjá félagasamtökum/hópum en eilítið lægri hjá einstaklingum eða 189.000 kr. hjá körlum og 180.000 kr. hjá konum.

Þegar úthlutanir eru skoðaðar eftir hverfum má sjá að flestir styrkir fóru til verkefna í miðborg og hlíðum en hæsta upphæðin fór til verkefna í breiðholti. Fæstir styrkir fóru til verkefna á kjalarnesi og í grafarholti og úlfarsárdal.

Meirihluti samþykktra umsókna voru á íslensku (109) og voru aðeins fjögur verkefni þar sem sótt var um á ensku fengu úthlutað.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Mikilvægt er horfa til reynslu fyrri ára og hafa í huga hvernig er unnt að ná betur til minnihlutahópa með markvissum hætti og skoða hvað veldur því að árangurshlutfall umsókna á öðru tungumáli en íslensku var lægra en meðal umsókna sem voru á íslensku árið 2020.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Tillagan hefur þegar verið samþykkt og ekki er talin þörf á jafnréttismati að svo stöddu.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.